

Eitt af árangursviðmiðunum í heilsuvernd skólabarna er: **„Að öll grunnskólabörn hafi skráðan heimilistannlækni“**. Forsenda gjaldfrjálsra tannlækninga er að börnin hafi skráðan heimilistannlækni hjá Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) og koma upplýsingar um skráðan heimilistannlækni sjálfkrafa inn í Ískrá frá SÍ. Ef foreldrar hafa ekki skráðan heimilistannlækni þarf að hvetja þá til panta tíma hjá tannlækni og þeir munu sjá um skráninguna hjá SÍ. Dreifimiðar til foreldra um gjaldfrjálsar tannlækningar eru til á 10 tungumálum inn á síðu [Embætti landlæknis](#).

Listi í Ískrá yfir nemendur sem eru án heimilistannlæknis

- Smella á „**Talning**“ í valmyndinni „Sækja bekk/nemanda“ (mynd 1).
- Þá opnast glugginn „Talningar“ (mynd 2).
- Í línu tvö hæ. megin í glugganum er smellt á „**Án heimilistannlæknis**“ (mynd 2)
- Opnast þá uppfærður listi yfir þá nemendur sem eru ekki skráðir með heimilistannlækni hjá SÍ (mynd 3).
- Ef smellt er á „**Bekkur**“ raðast listinn í bekkjarröð (mynd 3)..
- Dálkurinn „**Samskipti**“ (mynd 3) gefur til kynna hvort skráð hafa verið samskipti með Hjúkrunarviðfangsefninu (HV) „Án heimilistannlæknis“ þar sem foreldrar voru upplýstir og hvattir til að panta tíma hjá tannlækni.
- Ef til eru samskipti með HV „Án heimilistannlæknis“ kemur dagsetning á þeim samskiptum í línuna. Hægt er að tvísmella á dagsetninguna til að opna viðkomandi samskipti.
- Ef engin samskipti eru skráð stendur „óskráð samskipti“ í glugganum. Ef skrá á samskipti er hægt að tvísmella á „óskráð samskipti og opnast þá forskráð samskipti.

Mynd 1: Til að fá lista yfir nemendur sem eru án heimilistannlæknis þarf að smella á „Talning“ í glugganum „Sækja bekk/nemanda“

Mynd 2: Hægra megin í línu tvö í glugganum er smellt á „Án heimilistannlæknis“.

Nafn	Kennitala	Samskipti	Bekkur
Gíslunnar Hansson	2309061230	24.02.2016 - samskiptaseðill	1-SD
Binnjón Finnóneson	1212061230	Óskráð samskipti	1-SD
Finnjón Fjóluson	1504061239	Óskráð samskipti	1-SD
Kolbrún Gunnuson	0412061239	Óskráð samskipti	1-SD

Mynd 3: Listi yfir nemendur sem eru ekki skráðir með heimilistannlækni hjá SÍ. Hægt er að smella á „Bekkur“ til að láta listann raðast eftir bekkjarheiti. Einnig er hægt að tvísmella í „óskráð samskipti“ til að opna forskráð samskipti. Ef þegar eru til samskipti með HV „Án heimilistannlæknis“ sést dagsetning á þeim samskiptum og hægt er að tvísmella á dagsetninguna til að opna viðkomandi samskipti.

Verklag og skráning samskipta

- Hvetja skal foreldra/forráðamenn þeirra nemenda sem ekki eru skráðir með heimilistannlækni til að panta tíma hjá tannlækni í eftirlit.
- Leggja skal faglegt mat á hvernig best er að hafa samband við foreldra og kynna fyrir þeim gjaldfrjálsar tannlækningar, þ.e. sími, tölvupóstur, töskupóstur eða foreldraviðtal.
- Ávallt skal skrá samskipti í þessum tilvikum og yrði skráning þá eftirfarandi:

Tilfnefniflokkur: Skimanir og mælingar

Hjúkrunarviðfangsefni: Án heimilistannlæknis

Hjúkrunarmeðferð: Samskipti við forráðamann + Tilvísun til tannlæknis + Ráðleggingar um meðferð og forvarnir

